

Strætóferðum fjölgað innan Árborgar

Bæjarráð Árborgar hefur samþykkt fjölgun ferða á leið 75 sem ekur milli Selfoss, Eyrarbakka og Stokkseyrar. Breytingin tekur gildi mánudaginn 25. ágúst n.k. og má [sjá breytta tímatöflu fyrir leið 75 á heimasíðu sveitarfélagsins](#). Auk þess að fjölga ferðum er tímasetningum nokkurra ferða breytt lítillega til að mæta betur þörfum notenda.

Þær ferðir sem bætast við eru alla virka daga kl. 15 og 16:45 frá Selfossi. Einnig mun akstur verða á laugardögum á leið 75, fjórar ferðir verða í boði, sú fyrst kl. 9 frá Selfossi og síðan 11:05, 15:15 og 20:30. Hægt er að ná beinni tengingu með leið 51 til Reykjavíkur í ferðinni sem kemur á Selfoss kl. 11:50, en þá þurfa farþegar að fara úr vagninum við Ráðhúsið og taka vagn nr. 51 við Krónuna kl. 11:56.

Eftir breytinguna verða ferðir innan Árborgar tíu talsins alla virka daga, þ.e. sjö ferðir á leið 75 og þrjár ferðir á leið 74. Með fjölgun ferða virka daga er verið að mæta þörfum notenda, einkum barna og ungmenna, til að komast á milli staða til tómsunda- og íþróttaiðkunar. Akstur á laugardögum verður í tilraunaskyni og verður reynslan metin um áramótin.

Breytingar verða á tímasetningum þriggja ferða virka daga. Ferðir sem eru í dag farnar frá Selfossi (N1) kl. 13:05 og 14:05 færast fram og verða kl. 13:00 og 14:00. Loks breytist tímasetning á ferð sem hefur verið farin kl. 08:09 frá Selfossi (N1) og fer hún framvegis kl. 07:25 frá Selfossi (N1) og er komin á Stokkseyri kl. 7:46 og Eyrarbakka kl. 7:58 og til baka á Selfoss kl. 8:19. Breytingar þessar eru gerðar vegna ábendinga frá notendum, annars vegar börnum sem nota vagninn til að komast á íþróttæfingar á Selfossi eftir hádegi og hins vegar frá fólki sem sækir vinnu á Eyrarbakka og Stokkseyri.

Breytingarnar verða ekki færðar inn í leiðakerfi Strætó á vefnum, www.stræto.is, fyrr en vetraráætlun á Suðurlandi tekur gildi í september n.k. Tafla yfir áætlun á leið 75 er aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins og eru íbúar hvattir til að kynna sér hana. Minnt er á að börn á grunnskólaaldri geta fengið sérstakt strætókort sem gildir innan sveitarfélagsins og geta þau þá ferðast án endurgjalds. Hægt er að sækja um slík kort í þjónustuver Árborgar, sími 480 1900.

Selfossi, 18. ágúst 2014

Ásta Stefánsdóttir,

framkvæmdastjóri Sveitarfélagsins Árborgar.